5. **Bárður Diðriksson.** 3 blöð qto.

# Bárður Diðriksson

Bárður Diðriksson (bróðir Egils) var staddur í Eyrarbakkabúð og heyrði í viðtal Péturs á Hæringsstöðum (síðar í Hólshúsum) við danskan bókhaldara, en viðtalið var út af því, að Pétur var að biðja um eitthvert lítilræði til láns, en bókhaldarinn svaraði því að Pétur skyldi snáfa út, hann fengi ekkert lánað, því hann borgaði aldrei neitt. Út af þessu kastaði Bárður fram stöku þessari, sem sýnir hverjar viðtökur Pétur fékk hjá danska þjóninum:

„Anzaði búðar-alvaldur: Ekkert borgað getur
Haltu í burtu hundsneyptur, Hæringsstaða-Pétur!"

Þótt Bárður geti naumast kallazt hagmæltur, hvað þá meira, þótti ýmsum þægilegt, að hafa hann við hendina, þegar um eitthvert þref var að ræða, því þá var Bárður vís til að kasta fram stöku, sem allir viðstaddir höfðu gaman af, enda varð þetta oft til þess að hann sjálfur eða aðrir fengju óskir sínar uppfylltar og „skáldið" Bárður, skáldlaunin vel úti látin, en það var vart brennivíns-staup.

Öðru sinni var Bárður í Bakkabúðinni og bað þá um sitt pundið af hverju, en búðarþjóninn, danskur maður neitaði honum um lán þetta. Annars gerðu menn sjaldan greinarmun á því hvort um sjálfan kaupmanninn eða verzlunarstjórann var að ræða einhvern búðarþjóninn, sérstaklega ef hann var danskur — þá hétu þeir hver um sig „kaupmenn".

Þegar Bárði var neitað um lítilræði þetta, lét hann vísu þessa fjúka:

„Bárður var að biðj' um pund af baunakaffi;
Kaupmanninum þá kenndi sárar
og kitlaði mjög í gásarnárann."

„Kaupmaðurinn" skildi þetta ekki sem bezt, en hét það vera lof-

kvæði um sig, og lét þar Bárð fá hið umbeðna og væna fótabolstuggu
í ofanálag. (sjá Skrifblað nr. 3225. og 3226, með orðabreytingum)

Annars er fátt af Bárði að segja; hann var einn og fólk var þá flest, sí-
vinnandi „vinnumaður" og lengst um hjá Þorleifi í Háeyri, því þar var
„ekki langt að róa" til þess að ná sér í lífsbjörg þá, sem langflestum þótti
þeir hinn mesta nauðsyn á, að ná til, en vitanlega varð ekki mikið eftir af
árskaupinu, venjulega 20-30 kr. eða 1/4 eða 1/2 vertíðarhlut mannsins, af oft var
„róið" í „fiskiveið" þessi, en þangað var Bárður einnig sjósóknastur og Þorleifur
gamli þá svo „alvitur", að láta hann aldrei fá meira en hann átti inni fyrir í
það og það skiptið. Vitanlega „kunni" Bárður „ekki af" með svo naumar skamt,
en þá var að taka í kaupinu sínu, einkum af því var fólgið í sjávarafurðum,
s.s. harðfiski, hrognum, hausum eða lýsi, sem allt var ágætisvara og sú, er
Þorleifur kunni manna best að hagnýta sér. Einnefni var þetta nefnt
fiskæti, harðæti, steikið o.s.frv.

Annarhvor þeirra Þorleifs eða Sigfúsar snikkara (faðir sr. Eggerts) mun
hafa ort vísu þessa um Bárð og viðskifti hans við Þorleif:

Bárður minn er bústólpi;
bjargvættur í sveitinni:
hann hjálpar oft um harðæti,
honum gamla Þorleifi.

Bárður var vel vaxinn maður, greindur vel og góðlátlegur. Hefði
hann fengið sæmilegt uppeldi og numið við að eiga en sára fátækt í æsku
og síðan látlausar erjur vinnunnar, sem oft var ströng og lýjandi, þá

er víst, að Bárður hefði orðið nýtur maður og var mesta hirða hversu langt hann náði í því, þrátt fyrir vínhneigð sína og óreglu.

Bárður Diðriksson var, að ég held, talsvert eftirtektarverð mynd þeirra margra efnilegu manna, sem vegna aldarháttarins og ófullnægjandi launa sinna til þess að verða settur stór hærra í mannfélaginu en hann var, „lenti í skakkri hillu" í lífinu og átti hann það mest upp í eðli föður síns, Baldvins gamla, sem náði tökum á honum þegar á æskuskeiði.

Ég býst við, að ég minnist frekar á Bárð í „mannlýsingum"x) þeim, er ég hefi í hyggju að gjöra um hann og aðra þá, er ég þekkti í uppvexti mínum, vera mér nákunnugir og góðir vinir mínir, því Bárður var einn meðal þeirra.

Kemur mér því til hugar, að minnast hér á smá-atriði eitt um Bárð og mig: Ég réri á Stokkseyri, hafði þar að auki ígripastarf fyrir kaupfélagsverzlun og viðtíð við Bárð að selda, sem aðra. Ég var þá staddur klæddur grárri peysu, (duggarapeysu, prjónaðri). Nú kom ég sjóveg þangað austur að morgni dags og mætti Bárði í útróðri á Blöndu. Þegar hann sér mig, stendur hann upp úr sæti sínu við stýrið, og kallar til mín hástöfum: „Þú ert þá kominn í þeirri grá, Jói minn! Vertu velkominn, eins og vant er! Það er alltaf svo gaman að sjá þig heima hjá okkur. Komdu blessaður!"

Ég held, að ég hafi aldrei séð svo brosleitt andlit og hjartanlegt viðlit eins og þegar Bárður sagði þetta og var það oft títt að orðtaki síðan: „Þú ert þá kominn í þeirri grá!" (Sjóbls. 71-76).